



Leiðbeiningar fyrir umsókn

Adventure Sport Certificate nám hjá Íþróttakademíu Keilis

Til að auka möguleika á að fá umsókn samþykkt, er nauðsynlegt að vanda til verka. Gerð er krafa um fagleg vinnubrögð og skal hafa í huga að umsóknir verða líklega mun fleiri en laus pláss í námið. Vönduð vinnubrögð geta skilið á milli þess að umsókn verði samþykkt eða hafnað.

Texti umsóknarinnar og annarra fylgigagna skal innihalda það sem máli skiptir – ekkert umfram það.

Vefsíða með ráðleggingum um vandað umsóknarferli í námið má nálgast hér:

<http://theadventureproject.wordpress.com/2012/01/30/how-to-put-together-a-successful-application-to-the-program>

Umsóknarferlið – Fyrsta skref

Fyrsta lota umsóknarferlisins fer í gegn um skráningarkerfi Keilis (Inna). Þar þarf að skila inn: persónulegu bréfi; einkunnum úr fyrra námi; og starfsferilskrá og passaljósmynd.

- **Persónulegt bréf:** Þetta er stutt „söluræða“ um hvers vegna viðkomandi er að sækja um námið og hversvegna hann ætti að vera valinn. Tíunda hvaða framtíðarplön tengjast menntuninni, hvaða kosti umsækjandi býr yfir sem námsmaður, hvaða fyrri reynslu umsækjandi telur líklega til að styrkja hann sem nemenda í náminu og annað sem umsækjandi telur nauðsynlegt að taka fram.
- **Einkunnir:** Hér dugar ekki að senda inn skjámynd af innraneti skóla eða upptalningu á Excel. Frumskjal/einkunnarplagg þarf að senda í viðhengi, stimplað af viðkomandi skóla.
- **Ferilsskrá:** Taka fram fyrri störf, menntun og námskeið í réttri tímaröð. Umsækjendur eru hvattir til að vanda til verka hér og hafa ferilsskránnu ekki lengri en 1-2 bls.

Umsóknarferlið – Annað skref

Þegar umsóknin hefur verið yfirfarin af starfsmanni Keilis, er hún metin „áfram“ eða „hafnað“. Hér þýðir „áfram“ ekki að um endanlegt svar sé að ræða heldur er umsókn kominn í gegn um fyrstu síuna. Völdum umsækjendum verður boðið í viðtal en þeir umsækjendur sem fá höfnun umsóknar, fá tölvupóst þess efnis. Viðtalið er tækifæri umsækjenda til að segja frá því og sýna sem ekki kemst fyrir á blaði. Einnig er það verkfæri skólans til að meta þætti eins og viðhorf og samskiptahæfni umsækjenda.

Umsóknarferlið – Þriðja skref

Að loknum viðtölum fær valinn hópur umsækjenda færi á að leggja inn síðari umsókn. Sú er alfarið skrifuð á ensku og þarf að gera greinilega fyrir þáttum eins og heilsufari, fyrri reynslu í ævintýraferðamennsku og undirrita sjálfsábyrgðarviðurkenningu (Liability Waiver). Ef stjórnendur TRU telja þörf á frekari upplýsingum eða annað viðtal, þá verður farið fram á slíkt við umsækjandann. Þegar síðari umsókn er send inn, þarf að greiða óendurkræft staðfestingargjald til Keilis (60.000kr) og *application fee* til TRU (26 CAD).

Nánari upplýsingar

Arnar Hafsteinsson forstöðumaður ÍAK, arnarhaf@keilir.net sími: 578 4052